

VEGABRÉFSÁRITANIR - KOSTNAÐARLIÐIR OG VIÐMIÐUNARVERÐ

AFS á Íslandi er nemum sínum innan handar við öflun áritunar til þeirra landa sem þeir eru að ferðast til með því að upplýsa þá um þau gögn sem þarf að afla fyrir áritun og sjá síðan um að vera í beinu sambandi við það sendiráð sem sér um að veita áritunina. Allur kostnaður, sem fellur til við að afla nauðsynlegra gagna fyrir áritun og áritunin sjálf þar með talin sendingarkostnaður til og frá því landi sem sendiráðið er staðsett í, er **ekki innifalinn í þáttökugjöldum AFS** og fellur því á nemann. Áritunarkostnaður er mismunandi hjá hverju landi og einnig eru kröfur sendiráða mismunandi um þau gögn sem nemar þurfa að leggja fram með umsókninni. Við viljum taka fram að bæði kröfurnar og kostnaðurinn taka sífelldum breytingum og ekki síst þess vegna er okkur ómögulegt að hafa hann innifalinn í þáttökukostnaðinum.

VEGABRÉF

Allir nemar á vegum AFS þurfa að hafa gild vegabréf þegar þeir ferðast og á það einnig við um þá sem ferðast innan Evrópska Efnahagssvæðisins. Engin sendiráð taka við framlengdum vegabréfum til áritunar þannig að það er mikilvægt að láta **ekki framlengja** vegabréfi sem er að renna út t.d. á meðan á dvöl stendur. Í langflestum tilfellum þurfa vegabréf að hafa gildistíma sem nær 6-12 mánuðum eftir áætlaða heimkomu. Einnig er mjög mikilvægt að umsækjandi skanni ekki inn vegabréf sem er að renna út áður en að brottför kemur því áritunarferli hefst í 80% tilfella í útlendingastofnun í hýsingarlandi og ef ferli er hafið með vegabréfi sem ekki mun gilda fellur auka óþarfa kostnaður til sem fellur á nemann.

KOSTNAÐARLIÐIR - GAGNAÖFLUN

AFS sendir í öllum tilfellum út bréf og gátlista til nema með góðum fyrirvara um hvaða gagna ber að afla fyrir áritun hvort sem hún er fengin fyrir brottför eða eftir að neminn er kominn til hýsingarlands.

Kostnaðarliðir geta verið en eru ekki einskorðaðir við:

- **Gjald vegna áritunar/dvalarleyfis** - AFS innheimtir eftir brottför eða neminn greiðir í hýsingarlandinu eftir komu þangað
- **Gjald vegna nauðsynlegra vottorða/áritunarskjala frá hýsingarlandi eða héraendis** - AFS innheimtir eftir brottför og/eða neminn greiðir við öflun gagnanna
- **Þýðingar á; skólagögnum og ýmsum vottorðum og leyfum s.s. saka-, læknis-, ferða- o.s.frv.** - Neminn greiðir við móttöku úr þýðingu
- **Staðfestingar á lögmati/undirskrift gagna hjá sýslumönnum (Notarius Publicum) og Utanríkisráðuneyti (Apostille)** - Neminn greiðir við móttöku/öflun
- **Passamyndir** - Neminn greiðir við móttöku/öflun
- **Læknisrannsóknir og viðtöl** - Neminn greiðir við móttöku/öflun
- **DHL kostnaður við sendingu gagna til og frá sendiráði staðsettu erlendis** - AFS innheimtir eftir brottför
- **Ferða- og áritunarkostnaður vegna heimsóknar í sendiráð (Gildir um þau sendiráð**

sem eru staðsett í Reykjavík) - Neminn greiðir

ÁÆTLAÐUR ÁRITUNARKOSTNAÐUR

Hér á eftir er uppsettur áætlaður kostnaður til allra þessara landa miðað við hvernig hann laggðist út á síðasta tímabili brottfara hjá AFS. Þessi kostnaður er innheimtur eftir brottför nemans því endanlegar tölur liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en nokkrum vikum eftir brottför. Kostnaðurinn er innheimtur með greiðsluseðli í netbanka þess er fer fyrir greiðslusamningi nemans vegna þátttökugjaldanna

LAND	ÁÆTLUÐ HEILDARUPPHÆÐ	ISK
ARGENTÍNA	65.000 - 70.000	
BRASILÍA	30.000 - 35.000	
CHILE	35.000 - 40.000	
ECUADOR	30.000 - 35.000	
HONG KONG	20.000 - 25.000	
INDÓNESÍA*	45.000 - 50.000	
MALASÍA*	25.000 - 30.000	
NÝJA SJÁLAND	30.000-35.000	
SVISS	25.000 - 30.000	
URUGUAY **	45.000-50.000	

*Dvalarleyfi gildir í 90 daga og þarf að endurnýja með reglulegum hætti á meðan á dvölinni stendur með aðstoð AFS/fósturfjölskyldu í landinu. Neminn ber ferða- og endurnýjunarkostnað í landinu.

** Ferli hefst í hýsingarlandi klárað á Íslandi

*** Ferli klárað eftir komu til hýsingarlands með aðstoð AFS/fósturfjölskyldu í landinu. Neminn ber ferða- og áritunarkostnað í landinu.

ÁRITUN EFTIR KOMU Í DVALARLAND

Eftirfarandi listi er yfir þau lönd þar sem sótt er um áritun eftir komuna til landsins. Athugið að hið sama gildir um þessi lönd og þau lönd sem áður eru talin þ.e. kostnaður og gagnakröfur eru síbreytilegar og því er aðeins um áætlun að ræða. Öll gagnaöflun fer fram **fyrir brottför**.

LAND	ÁÆTLAÐUR ÁRITUNAR/DVALARKOSTNAÐUR
KOSTA RÍKA*	USD 250 - 400
PERÚ*	USD 250 - 400

Dvalarleyfi gildir í 90 daga og þarf að endurnýja með reglulegum hætti á meðan á dvölinni stendur með aðstoð AFS/fósturfjölskyldu í landinu. Neminn ber ferða- og endurnýjunarkostnað í landinu.

SENDIRÁÐ OG RÆÐISMENN Á ÍSLANDI

Eftirfarandi listi er yfir þau lönd þar sem sótt er um áritun hér heima.

LAND	ÁÆTLAÐUR ÁRITUNAR/DVALARKOSTNAÐUR
BANDARÍKIN sendiráð RVK**	USD 180 (SEVIS) +160 (VISA)
JAPAN sendiráð RVK**	6.000 - 8.000 AFS
THAILAND ræðismaður RVK**	25.000 - 30.000

** Ferli hefst í hýsingarlandi klárað á Íslandi